

Skýrsla

æskulýðsnefndar Sóta

veturinn 2008-2009



Vetrarstarfið hófst með undirbúningi fyrir Æskuna og hestinn. Sóttu þær Elísabet og Eyrún fundi sem haldnir voru fram að hátíðinni sem var haldin helgina 29. – 30. mars 2009, auk generalprufu sem var fimmtudaginn 27. mars um kvöldið.

Ekki tókst að ná nógu mörgum börnum til að halda uppi atriði, en Alexandra og Signý voru með Sörlakrökkunum í atriði sem tókst alveg ljómandi vel. Berglind, Lóa og Ólafía María riðu svo með yngri hópunum. Einnig voru 3 pollar frá okkur. Er það von nefndarinnar að það náist að manna atriði næsta ár.

Þann 15. apríl hófst reiðnámskeið Sóta þar sem kennari var Sjöfn Sæmundsdóttir. Á námskeiðið skráðu sig 3 í yngri flokk og 4 í eldri flokk, en enduðu 3 þar sem einn forfallaðist.

28. apríl fórum við í bíó með krakkana að sjá myndina Monster Vs Aliens og fóru á þá mynd Siddý, Elísabet, Eyrún og Halli með 8 krakka og 2 unglingar sem fóru á unglingamyndina Seventeen again. Splæst var í þrívídd á Monster myndina sem sló algjörlega í gegn hjá liðinu eins og sjá má á myndunum.



Allir rosaflottir með „sögleraugu“ í myrkrinu. ;o)



Sjöfn reiðkennari



Áning í lok ferðar

Kerruferð var farin á vegum Æskulýðsnefndar auk Ferða- og skemmtinefndar Sóta í Hafnarfjörð samkvæmt vetrardagskrá. Í ferðina fóru 4 bílar með hestakerrur, 14 hestar og 14 knapar. Elísabet og Jón Trausti fylgdu á bílum með litlu börnin. Þau sem voru ríðandi voru 3 börn, 2 unglingar og 9 fullorðnir. Veðrið var eins og best var á kosið þrátt fyrir hagl og leiðindi áður en hópurinn lagði af stað af Nesinu. Var förin heitið að Sörlastöðum, en riðið var af stað frá kerruplaninu kl. 13:15 ca og var riðið fram í Sléttuhlíð þar sem farinn var góður hringur, en farið var áleiðis fram í Kaldársel.


Hestarnir voru skemmtilega viljugir við að koma í nýtt umhverfi á góðar reiðgötur í umhverfið sem er alveg frábært. Farið var til baka út á Nes frá Sörlastöðum kl. 14:30, en þegar á Nesið kom tók Bjössi eiginmaður Steinunnar formanns Sóta á móti okkur með kaffi, heitum vöflum og kökum í félagshúsinu þar sem Steinunn átti afmæli þann dag. Það var kærkomið fyrir svanga og ánægða hestamenn.

Í maí byrjun fór Sjöfn með eldri krökkunum í gegnum íþróttaprógrammið fyrir íþróttamótið. Nokkur af yngri krökkunum á reiðnámskeiðinu nýttu sér það einnig. Í eitt skipti var farið í Gustshöllina þar sem veður var leiðinlegt.

Helgina 22. til 24. maí var farin fjölskylduferð í Borgarfjörðinn með börn og hesta. Haldið var til að Trönum í eigu Guðrúnar Fjeldsted, en Halli (einn í æskulýðsnefndinni) stóð fyrir að útvega okkur þann stað. Þátttaka hefði mátt vera betri, en þau sem mættu skemmtu sér konunglega. Þegar mest var voru 16 manns og 13 hestar. Var farið í útreiðartúr á föstudagskvöldinu. Vonandi verður betri mæting á næsta starfsári, þar sem æskulýðsnefnd vill gera þetta að árlegum ferðum og verður sett á vetrardagskrá nefndarinnar á næsta starfsári.



Slakað á í blíðunni ;o)



Ólafía María í slökun


Á laugardeginum var farið í sund í Borgarnes þar sem ungdómurinn missti sig í rennibrautunum eins og myndirnar sýna. Eftir að allir voru búnir að busla og slaka á var haldið heim í hús og fólkið fékk sér næringu eftir baðið og dreif sig svo í reiðtúr í þessu fína veðri. Þessi reiðtúr varð aðeins lengri en til stóð þar sem við náðum ekki að fara meðfram Hvítá nema áleiðis (niður með Ferjukoti) og yfir hana þar sem of mikið var í henni upp á að ríða með krakkana yfir. Þannig að snúa varð við og plampa veginn sömu leið til baka.



Kjartan á fleygiferð.....



og Lóa líka



Kristófer pottormur

Grillmáltíð var í boði nefndarinn um kvöldið, lamb og fleira gúmmelaði. Eftir að maturinn hafði sjatnað í mettum mögum var lagt á og farið í reiðtúr um kl. 22:30 út í nóttina og var farinn ágætis hringur niður með Hvítá og til baka heim í hús.



Frændurnir Kristófer og Mikael framtíðarhestamenn



Alexandra að teyma Andreu framtíðarhestakonu.

Sunnudagurinn heilsaði með rigningarsudda. En Halli nefndarmaður tók fram kokkasvuntuna og bauð í þvílíkt flottan morgunmat sem samanstóð af skonsum með sýrópi, hrærðum eggjum, bakoni og smjörsoðnum sveppum með hvítlauk. Þvílíkt lostæti og þökkum við Halla kærlega fyrir þetta dásamlega framlag. Eftir þennan yndislega morgunverð fór fólk að tygja sig til heimferðar upp úr hádegi og voru allir farnir um kl. 14:00 eftir frágang á húsinu og búið að koma hestunum á kerrurnar.

Miðvikudagurinn 27. maí var síðasti dagur námskeiðs Sóta og var í því tilefni farið í reiðtúr á Nesinu með krakkana. Farið var út á Seylu og stoppað um stund og fóru krakkarnir í fjöruna og léku sér smástund smeðan hestarnir tóku aðeins í græna tuggu. Að reiðtúr loknum voru grillaðir hamborgarar og boðið upp á gos með. Í eftirrétt voru svo sykarpúðar steiktir yfir eldi. Nammi namm.



Fjaran heillar ;o)



Veðrið lék heldur betur við okkur á Nesinu

Vonum við að börnin hafi ekki farið upp um alla veggja þegar heim var komið eftir allt sykarpúðaátið sem vel var tekið á. ;o)

Haustið 2009 byrjaði með ferð í keiluhöllina þann 23. september. Leigðar voru tvær brautir og skiptist hópurinn á þær. Leikmenn voru nú búnir að spila þessa íþrótt mis oft, enda kom það fram í árangrinum. En krakkarnir slógu ekki slöku við og voru engir eftirbátar þeim eldri (og mis reyndu). Var kúlum kastað í klukkustund og mikill metnaður lagður í hvert kast því allir vildu ná sem flestum fellum. Að leik loknum bauð nefndin upp á pizzu og gos þarna á staðnum. Eftir matinn fóru krakkarnir aðeins í tækin áður en haldið var heim um áttaleytið. Var þetta mjög vel heppnuð ferð og krakkarnir allir til fyrirmyndar eins og Sótabarna er siður.



Frá keiluferð

Virðingarfyllt

Sigríður Birgisdóttir

Formaður æskulýðsnefndar Sóta